

Gæðastefna Landbúnaðarháskóla Íslands

1.1 Tilgangur

Gæðastefna Landbúnaðarháskóla Íslands lýsir því hvernig háskólinn mætir þeim formlegu kröfum sem gerðar eru til innra gæðastarfs, sbr. IV. kafla laga um háskóla (63/2006, og leggur grunn að gæðakerfi háskólans. Hún tekur mið af væntingum innri og ytri hagaðila og tryggir velferð nemenda og starfsfólks.

1.2 Gildissvið

Gæðastefnan gildir fyrir alla starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands og nær yfir eftirtalda málaflokka:

- Nám og kennsla
- Rannsóknir og nýsköpun
- Samfélagsvirkni
- Stoðþjónusta/innviðir

1.3 Grunnreglur

- Háskólinn rækir hlutverk sitt í samræmi við lög, grunngildi sín og megináherslur í gildandi stefnu háskólans hverju sinni og tryggir þannig velferð starfsfólks og nemenda.
- Gæði náms og kennslu, rannsókna og nýsköpunar, samfélagsvirkni, og innviða (stjórnsýsla og rekstur) eru í samræmi við kröfur sem gerðar eru annars vegar af Gæðamati háskóla í rammaáætlun um eflingu gæða (Quality Enhancement Framework – QEF), sbr. reglur nr. 1368/2018, og hins vegar eftir atvikum af öðrum lagabálkum eftir því sem við á.
- Stöðugar umbætur, með kerfisbundinni rýni og endurmati á frammistöðu, styðja við alla starfsemi háskólans og tekið er tillit til sjónarmiða innri og ytri hagaðila.

Rektor ber ábyrgð á gæðakerfi háskólans en allir í háskólasamfélaginu axla sína ábyrgð í samræmi við stöðu þeirra.

1.4 Framkvæmd

Gæðakerfi Landbúnaðarháskóla Íslands er byggt upp í anda gæðahringsins (PDCA):

- Stefna og væntingar eru settar og markmið skilgreind (Plan)
- Áætlunum hrint í framkvæmd (Do)
- Árangur mældur og metinn með innri og ytri úttektum (Check)
- Ráðin bót á því sem betur má fara (Act)

Gæðakerfið endurspeglast m.a. í gæðaskjölum (stefnuskjöl, reglur, verklagsreglur, vinnulýsingar, ferlar) sem haldið er utan um í rafrænni gæðahandbók háskólans. Rýni á árangri og eftirlit með gæðastefnu fer fram á vettvangi stefnu- og gæðaráðs.

1.5 Hlutverk og ábyrgð í gæðastarfi

Hlutverk	Ábyrgð í gæðastarfi
Háskólaráð	Markar heildarstefnu í kennslu og rannsóknum, mótar skipulag háskólans, fer með almennt eftirlit og ber ábyrgð á að háskólinn starfi í samræmi við gildandi lög og reglur.
Rektor	Stýrir daglegri starfsemi háskólans og hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki sér heildarstefnu í málefnum hans. Ber ábyrgð á og

	hefur eftirlit með allri starfsemi, þ.m.t. ráðningar- og fjármálum og annast gerð starfs- og rekstraráætlana. Ræður starfsfólk og hefur yfirumsjón með sjóðum háskólans og öðrum eignum nema háskólaráð ákveði annað.
<u>Framkvæmdastjórn</u>	Hefur eftirlit með daglegum rekstri háskólans, fylgir eftir ákvörðunum háskólaráðs og hefur frumkvæði að nýjum hugmyndum, verkefnum og stefnumarkandi málefnum er varða hag háskólans.
<u>Stefnu- og gæðaráð</u>	Rýnir umgjörð stefnuinnleiðingar og gæðakerfis háskólans, tryggir skilvirkni og þróun starfseminnar og að hún sé í takt við markmið og stefnu háskólans. Starfsemi háskólans er rýnd með skipulegum hætti, þar sem mat er lagt á skilvirkni gæðakerfisins og hvort náðst hafi árangur í samræmi við stefnu og markmið, auk þess sem mat er lagt á tækifæri til umbóta á kerfinu í kjölfarið. Rektor er formaður ráðsins.
Mannauðs- og gæðastjóri	Leiðir uppbyggingu og innleiðingu gæðakerfis háskólans.
Stjórnendur	Gæði starfsemi þeirra eininga sem þeir stýra.
Allt starfsfólk og nemendur	Gæði sinna verkefna.

1.6 Umgjörðin

Stjórnunarkerfi gæða fyrir kjarnastarfsemi háskólans (kennsla, rannsóknir og nýsköpun, samfélagsvirkni, stjórnun og rekstur innviða) fellur með beinum hætti undir rammaáætlun Gæðamats háskóla (QEF). Eftirlit með gæðum starfsmenntanáms er á ábyrgð Menntamálastofnunar. Stjórnunarkerfi jafnlauna, sem háskólinn hefur innleitt, hlítir kröfum jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012.

1.7 Endurskoðun

Gæðastefnan er endurskoðuð eigi sjaldnar en þriðja hvert ár.

1.8 Gildistaka

Gæðastefnan var samþykkt á fundi háskólaráðs 28.05.2024.